

## **5. kafli**

### **Ítarefni um hnattræn málefni**

## Efnisyfirlit kaflans

<b>Börn</b> .....	317
<b>Borgaravitund</b> .....	322
<b>Lýðræði</b> .....	326
<b>Mismunun og útlendingahatur</b> .....	331
<b>Menntun</b> .....	345
<b>Umhverfið</b> .....	350
<b>Jafnrétti kynjanna</b> .....	354
<b>Hnattvæðing</b> .....	358
<b>Heilbrigði</b> .....	362
<b>Öryggi manna – mannöryggi</b> .....	367
<b>Fjölmíðlar</b> .....	372
<b>Friður og ofbeldi</b> .....	376
<b>Fátækt</b> .....	382
<b>Félagsleg réttindi</b> .....	386
<b>Íþróttir</b> .....	391
<b>Tilvísanir</b> .....	396

# Börn



Ætla má að um tveir milljarðar barna séu í heiminum í dag, 104 milljónir innan Evrópusambandsins.

Árið 1989 samþykktu Sameinuðu þjóðirnar Barnasáttmálann sem hefur verið fullgiltur í öllum aðildarlöndunum, nema Bandaríkjunum og Sómalíu. Þessi sáttmáli markar þáttaskil í sögu réttinda barnsins þar sem hann er fyrsti skyldubundni alþjóðasamningurinn á þessu sviði sem samþykktur hefur verið.

## Hvers vegna er Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna eins mikilvægur og raun ber vitni?

Sáttmálanum fylgdi fjöldi breytinga sem lúta að því að vernda réttindi barna.

1. Hann er útbreiddasti mannréttindasáttmáli heims.
2. Í sáttmálanum er lögð áhersla á eftirfarandi atriði: Í fyrsta lagi er hvatt til þátttöku barna, bæði með tilliti til fjölskyldunnar og þjóðfélagsins alls og eftir því sem aldur þeirra og þroski leyfir, í málum sem varða hlutskipti þeirra, svo sem í réttarfarslegum efnum eða við ættleiðingu. Einnig er kveðið á um að þau skuli njóta verndar gegn hvers kyns misnotkun, ofbeldi og athöfnum sem brjóta á rétti þeirra. Síðast en ekki síst er kveðið á um réttindi sem líta beri á sem vernd gegn hugsanlegum brotum, líkt og í öðrum sáttmálum.
3. Í samningnum er litið á börn sem sjálfstæða aðila en ekki sem hlutlaust viðfang í lagalegu tilliti. Venjan er að flestir fullorðnir líti á börn sem réttláusa aðila sem eigi að hlýða hinum fullorðnu skilyrðislaust, svo sem kennurum, prestum, foreldrum, læknum o.s.frv. En í sáttmálanum er lögð áhersla á að líta skuli á börn sem einstaklinga með réttindi sem öllum ber að virða, foreldrum, þjóðfélaginu og öllum þeim stofnunum sem fara með málefni barna. Börn eiga rétt á að komið sé fram við þau af virðingu vegna þess að þau eru líka fólk, og aldur þeirra skiptir ekki máli.
4. Gæta skal hagsmuna barnsins við allar ákvarðanir sem snerta velferð þess, svo sem

„Þú átt ekki börnin þín. Þau eru synir og dætur lífsins sjálfs ... Þú hýsir ef til vill líkama þeirra en ekki sálina, því að sál þeirra tilheyrir framtíðinni, sem þú getur ekki heimsótt, jafnvel ekki í draumum þínum.“

Kahlil Gilbran

## Tengd verkefni

- Sýndu það!, bls. 235.
- Saga Ashiques, bls. 209.
- Réttindi barna, bls. 205.
- Eigum við annarra kosta vól?, bls. 106.
- Látið allir raddir hljóma, bls. 148.
- Framtíðarmöguleikar okkar, bls. 113.
- Réttindabingó!, bls. 202.

**Pátttaka barna**

1. „Pátttaka barna er grundvallaratriði þess að Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna sé virkur;
2. [hún] er afgerandi liður í því að tryggja félagslega samheldni og lýðræði
3. [hún] er nauðsynleg fyrir þroska barnsins ...“

[www.barnasattmali.is](http://www.barnasattmali.is)

réttarfarslegar, stjórnsýslulegar o.s.frv. Ekki er auðvelt að skilgreina þetta hugtak og mikill ágreiningur ríkir um nákvæman skilning á því. Sem dæmi má nefna að þurfi dómari að skera úr um hver skuli hafa forræði barns þarf hann að kanna ýmis atriði sem varða líf barnsins og foreldra þess. Í öllum tilvikum eru hagsmunir barnsins mikilvægari en hagsmunir hinna fullorðnu sem málið varðar.

5. Barnasáttmálinn er mjög víðtækur og tekur til stjórnsýslu, réttarfars, menntamála, lagalegra atriða o.s.frv., þar sem réttinda barna skal gætt. Ef barn hefur til dæmis ekki verið skráð rétt við fæðingu, þá er það ekki til í lagalegum skilningi. Þannig er það ekki til í augum skólayfirvalda og þar af leiðandi er barninu synjaðu um innngöngu í skóla svo að það getur ekki stundað nám. Þetta er algengt vandamál sem þúsundir barna víða um lönd líða fyrir. Þegar skólayfirvöld meina barni innngöngu í skóla vegna þess að það „er ekki til í lagalegum og stjórnsýslulegum skilningi“ er augljóslega brotið á rétti barnsins til menntunar.

Sáttmálinn hefur skilað árangri í fjölda landa því að með fullgildingu hans hafa þau orðið að breyta og/eða endurbæta löggjöf sína á þessu sviði.



**Eiga börn ávallt að hlýða hinum fullorðnu skilyrðislaust?**

**Staða barna: tölulegar staðreyndir**

Enda þótt sáttmálinn hafi markað tímamót hvað varðar réttindi barna sýna staðreyndirnar að brotið er gegn börnum í flestum heimshlutum.

**Börn í Evrópu ...**

- Mansal kvenna og barna hefur aukist verulega. Talið er að allt að 120.000 konur og börn frá Mið- og Austur-Evrópulöndum séu seld mansali til Vestur-Evrópu á ári hverju.
- Í Búlgaríu er greint frá því að vændi sé orðið aðaltekjulind fjölda fjórtán til átján ára stúlkna og að oft starfi þær innan skipulagðra samtaka. Einnig er áhyggjuefni að stöðugt fleiri drengir stunda vanda.
- Í Eistlandi hefur vændi meðal kornungra stúlkna vakið athygli á hinum sívaxandi markaði kynlífsferða til annarra landa. Í Lettlandi er líka vitað um kornungar telpur sem stunda vændi (allt niður í átta til tíu ára gamlar).
- Í Bretlandi sýna rannsóknir að þar eru þúsundir götubarna, fyrst og fremst í stærstu borgunum en þó ekki eingöngu. Fjöldi stúlkna og drengja er svipaður. Talið er að um 40.000 börn strjúki að heiman á ári hverju.
- Í Frakklandi fóru götubörn að verða töluvert vandamál á níunda áratug síðustu aldar. Sums staðar telja yfirvöld að götubörn kunni að vera allt að 10.000 talsins, en annars staðar er álitid að þau séu mun færri.
- Almenn fer heimilislausum ungmennum fjölgandi bæði í Austur- og Mið-Evrópu. Í Búkarest er til dæmis talið að um 1500 börn og unglingar búi á götunni.

**Hverjir eru börn?**


Eins og 1. grein sáttmálans kveður á um „merkir barn hvern þann einstakling sem ekki hefur náð átján ára aldri, nema hann nái fyrr lögræðisaldri samkvæmt lögum þeim sem hann lýtur“.

Í þessu felst að sáttmálinn gildir um sérhvern einstakling sem ekki hefur náð átján ára aldri, og þar með unglinga.

## Fátæktartölur meðal barna í ýmsum löndum<sup>2</sup>

### Börnin í heiminum ...

- Rúmlega 10 milljónir barna yngri en fimm ára deyja enn árlega af orsökum sem hægt er að koma í veg fyrir.
- Rúmlega 100 milljónir barna njóta enn ekki grunnskólamenntunar, meiri hluti þeirra er stúlkur.
- Talið er að um 300.000 börn taki þátt í stríðsátökum.
- 149 milljónir barna eru vannærð, tveir þriðju hlutar þeirra búa í Asíu.
- Á hverju ári lenda milljónir manna, aðallega konur og börn, í stríðsátökum og neyðast til að flýja heimili sín og gerast flóttamenn. Árið 2000 var fjöldinn 31 milljón.



## Evrópumál sem varða börn og unglinga

Stofnanir og stjórnvöld í Evrópu leggja mikla áhersla á tiltekin málefni sem tengjast réttindum barna. Þess vegna er einlægur vilji fyrir því að gerðar verði ráðstafanir til að vernda börn gegn athöfnum og atferli þar sem augljóslega er brotið gegn rétti þeirra.

Þær tölulegu staðreyndir sem hér voru raktar um mansal, vændi og klámiðnað í Evrópu hafa orðið Evrópuráðinu, og aðilum að því, stöðugt meira áhyggjuefni og því hafa nokkur til-mæli verið samþykkt, þar á meðal:

- Tilmæli 1065 (1987) um mansal barna og annars konar misnotkun á börnum;
- Tilmæli nr. R (91) II um kynferðislega misnotkun, klám, vændi og mansal, meðal barna og unglinga;
- Ályktun 1099 (1996) um kynferðislega misnotkun barna.

Um leið og þessi tilmæli hafa verið samþykkt þurfa aðildarríkin að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að þau verði innleidd. Dæmi um slíkar ráðstafanir:<sup>3</sup>

1. Að frumkvæði innanríkisráðherra Belgíu var hinn 23. nóvember 1992 sett á laggirnar sérstök deild til að vinna gegn mansali innan aðalskrifstofu ríkislögreglustjóra sem fer með málefni fólks sem er saknað. Í 1. september 1995 fyrirskipaði dómsmálaráðherra að stofnuð yrði á sama stað deild vegna barna sem er saknað. Sú deild annast samhæfingu og stuðning og sinnir sérstaklega málum sem tengjast hvarfi barna undir lögdri við grunsamlegar aðstæður.
2. Í Lúxemborg hefur sérstök deild til verndar unglingum verið stofnuð innan lögreglunnar. Í höfuðstöðvum lögreglunnar þar er slík unglingadeild að störfum hjá rannsóknar-lögreglunni. Sérstök neyðarlína er þar fyrir börn og unglinga (KannerJugendtelefon).



### Hvers vegna er erfitt að uppræta mansal af þessu tagi?

## Lykildagsetningar

### 4. júní

Alþjóðadagur barna sem orðið hafa fórnarlömb árása

### 12. ágúst

Alþjóðadagur æskunnar

### 20. nóvember

Alþjóðadagur barna

„Það er sálarbættandi að vera með börnum.“

Fjodor Dostojevskij

## Barnavinna er ...

... full dagvinna barna yngri en fimmtán ára.

... vinna sem kemur í veg fyrir skólagöngu barna.

... vinna sem er börnum hættuleg og er skaðleg bæði andlegri og líkamlegri heilsu þeirra.

Ástæður þess að barnavinna á sér stað eru stundum afar flóknaðar, allt frá menningarlegum toga til hreinnar fátæktar þar sem foreldrarinn og fjölskyldan þurfa á launum barnsins að halda.

Afleiðingar barnavinnu eru margvíslegar; henni geta fylgt alvarleg heilsufarsleg vandamál, svo sem vansköpun beina og vöðva, efnaeitrun, skurðir og aðrir líkamlegir áverkar, öndunarsjúkdómar, alvarleg brunasár o.s.frv., auk þess sem börnin fá ekki að njóta menntunar og andlegur og líkamlegur þroski þeirra bíður hnekki.

Meðal þess sem börn framleiða eru teppi, múrsteinar, eldspýtur, sykur, fatnaður, skór, sígarettur (ódyrar, indverskar sígarettur), flugeldar, hús og önnur mannvirki, blýantar og leðurvarningur. Þau eru einnig látin vinna við uppskerustörf, verksmiðjustörf, við að bera þunga hluti, veiðar og almenn heimilisstörf.

### Netið og klámvæðingin

Börn geta mætt ýmsum hættum á Netinu. Sum þeirra lenda í því að sjá efni sem ekki er ætlað börnum (myndir af ofbeldi, áróður kynþátta- og útlendingahatara o.s.frv.), efni um áreitni og barnaníðinga. Vitað er að barnaklámhringir eru að störfum þar sem menn skiptast á upplýsingum (nöfnum, myndum o.s.frv.). Á undanförunum árum hafa ýmsir einstaklingar verið handteknir í Evrópu og víðar fyrir að vera flæktir í eða stunda þessa ólöglegu og ósiðlegu starfsemi.

Nokkrar tillögur frá aðilum sem sinna málefnum barna, svo sem félagsráðgjöfum, kennurum, sálfræðingum o.s.frv., og foreldrum:

- hver sá sem verður var við að barnið mæti slíkum hættum, eða uppgötvar ólöglegt eða hættulegt efni á Netinu, skal grípa til ráðstafana, svo sem að tilkynna um það, kvarta eða knýja á um svör;
- styðja skal og styrkja börn með því að fræða þau og ræða um þessi málefni;
- styðja skal og styrkja foreldra sem þurfa að kynna sér þær hættur sem kunna að leynast á Netinu og fræðast um þessi málefni.

## Heimsping um málefni barna

Á heimspinginu um málefni barna í september árið 1990 var samþykkt yfirlýsing um lífsafkomu, verndun og þroska barna og aðgerðaáætlun um innleiðingu hennar. Markmiðalisti um barnadauða, vannæringu, aðgengi barna að grunnmenntun um allan heim o.s.frv., var settur upp fyrir árið 2000.



**Engin þessara markmiða hafa náðst, en þú ert það að þingið hafi verið gagnslaust?**

Ýmis frjáls félagsamtök hafa með höndum skipulagða starfsemi til að fylgjast með og tilkynna um vefsíður með ólöglegu efni.<sup>4</sup>

Samningur Evrópuráðsins um tölvubrot var samþykktur hinn 8. nóvember 2001. Hann varð fyrsti alþjóðasamningurinn um tölvu- og Netbrot og tekur sérstaklega til tölvu- og netglæpa sem tengjast barnaklámi. Meginmarkmið hans er að komið verði á almennri stefnu til að vernda samfélagið gegn tölvubrotum, fyrst og fremst með viðeigandi lagasamþykktum og alþjóðlegu samstarfi. Í 9. grein samningsins er kveðið á um að berjast skuli gegn barnaníðingum og barnaklámi á Netinu.

**?** Er hægt að gera ráðstafanir svo að hægt sé að fylgjast með því sem börn skoða á Netinu, án þess að skerða frelsi þeirra til að leita að, afla sér og miðla hvers kyns upplýsingum og efni. (13. gr. Barnasáttmálans)

## Umboðsmaður barna

Orðið „umboðsmaður“ er notað um aðila sem tekur við kvörtunum frá tilteknum hópi (börnum í þessu tilviki), er talsmaður hópsins og reynir að bæta hag einstaklinga innan hópsins sem og hópsins alls.

Embætti umboðsmanns barna var fyrst stofnað í Noregi árið 1981. Umboðsmaðurinn er sjálfstæður, óháður aðili, málsvari, gerðardómsmaður eða umsagnaraðili sem tryggir með tillögum um umbætur í málefnum barna, að ráðuneyti og aðrar stofnanir uppfylli lagalegar skyldur sínar. Umboðsmaðurinn skal standa vörð um þarfir, réttindi og hagsmuni barna, vinnur að því að farið sé að Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og kemur honum á framfæri. Umboðsmaðurinn hefur vald til að rannsaka, gagnrýna og kynna stjórnarsýsluáðgerðir og -ákvarðanir en getur hvorki umbylt þeim né afturkallað þær. Umboðsmaðurinn kynnir réttindi barna í hvers kyns einkamálum og sakamálum sem börn eiga beina eða óbeina hlutdeild að, óháð löglegum fulltrúum, foreldrum eða forráðamönnum.

Í sumum löndum sér umboðsmaðurinn um að teknar séu upp matsaðferðir, svo sem „mat á áhrif á börn“ til að greina og fjalla um allar hugsanlegar afleiðingar sem ýmsar lagatillögur, reglur og aðrar áðgerðir geta haft fyrir börn.

Evrópunet umboðsmanna barna (European Network of Ombudsmen for Children – ENOC) var stofnað árið 1997. Það skipa fulltrúar frá Austurríki, Belgíu, Danmörku, Finnlandi, Frakklandi, Ungverjalandi, Íslandi, Litháen, fyrrverandi júgóslavneska lýðveldinu Makedóníu, Noregi, Portúgal, Rússneska sambandsríkinu, Spáni, Svíþjóð og Wales.

Atvinnu- og félagsmálaráðuneytið í Rússlandi hefur sett í gang tilraunaverkefni, en í því felst að skipaðir hafa verið svokallaðir umboðsstjórar barna í fimm „oblasts“ (ríkjum). Umboðsstjóranir hafa allir verið ráðnir samkvæmt tilskipun og er ætlað að standa vörð um réttindi barna.

Umboðsmaður barna á Íslandi, sjá [www.barn.is](http://www.barn.is)

## Alþjóðlegir og svæðisbundnir sáttmálar er varða börn

1. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, 1989
2. Alheimsyfirlýsingin um lífsafkomu, verndun og þroska barna
3. Áðgerðaáætlunin um innleiðingu alheimsyfirlýsingarinnar, 1990
4. Tilmæli Evrópuráðsþingsins 1460(2000) um að stofna embætti umboðsmanns barna í Evrópu, Evrópuráðið, Strassborg 2001.
5. Tilmæli Evrópuráðsþingsins 1286, 1996, um evrópska stefnumörkun í málefnum barna
6. Evrópusamningurinn um réttindi barna, Strassborg 1996

## Heimildir

Asquith, S., *Juvenile Justice and Juvenile Delinquency in Central and Eastern Europe - A Review - Centre for the Child and Society, University of Glasgow.* <http://eurochild.gla.ac.uk>  
 Final report of the study group on street children, *Evrópuráðið, Strassborg, apríl 1994.*  
 Flekkoy, M., *A Voice for Children - Speaking as their Ombudsman, UNICEF, 1991.*  
*Alheimsþrygging barna (The Global Movement for Children), www.gmfcc.org*  
 Human Rights Education Newsletter, No. 29, *Centre for Global Education, University of York, Bretlandi, 2001.*  
 Setting up a European Ombudsman for Children, *doc.8552, Evrópuráðsþingið, 1999.*  
 The State of the World's Children, *UNICEF, 2000,*  
 Trafficking in women, a comprehensive European strategy“, upplýsingabæklingur, *Framkvæmdastjórn ESB.*

